

**Nd.**

### **483. Breytingartillögur**

við frv. til laga um erfðaábuð og óðalsrétt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 10. gr. e-lið. Aftan við liðinn bætist: og arðberandi fylgifé, sem jörðinni er lagt. Miða skal verð fylgifjár við skattmat þess, þegar gerningurinn er gerður.
2. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Sá maður, karl eða kona, sem hefir rétt til eignar og umráða yfir ættaróðali samkvæmt lögum þessum og hefir notfært sér þann rétt, telst eigandi óðalsins og fer með það að öllu leyti sem sína eign, innan þeirra takmarka, sem lög þessi ákveða. Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvila sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt hafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.